

Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt sinn fyrsta fund 8. júní sl. Í hópnum sitja skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá Menntasviði Reykjavíkurborgar.

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá fræðslustjóra og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á Menntasviði en frá áramótum mun nýráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Helstu verkefni stýrihópsins eru:

- Skilgreina verkefni sem vinna þarf vegna sameiningar og gera verk- og tímaáætlun um sameiningarferlið. (sbr. verklagsreglu um sameiningu grunnskóla).
- Greina skólastarfið, s.s. styrkleika og tækifæri á hverjum stað og móta áherslur í nýjum skóla.
- Greina skólabrag og vinnustaðameningu og vinna með nemendum, foreldrum og starfsfólki að uppbyggingu jákvæðrar menningar í nýjum skóla.
- Móta samstarf skóla og frístundastarfs.
- Skipuleggja þátttöku foreldra og starfsfólks í sameiningarferlinu.
- Sinna upplýsingamiðlun til skóla- og grenndarsamfélagsins.
- Rýna húsnæði núverandi skóla og endurskipuleggja nýtingu þess ef þarf.

Eftirtaldir aðilar eiga sæti í stýrihópnum:

Korpuskóli

Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri, margret.e@reykjavik.is
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsmanna, laufey.einarsdottir@reykjavik.is
Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna, bjorg.arsaelsdottir@reykjavik.is
Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra, olgabg@simnet.is
Inga Dóra Hrólfsdóttir fulltrúi foreldra, idh@or.is

Víkurskóli

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri, arny.inga.palsdottir@reykjavik.is
Þórunn Borg Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna, thorunn.borg.olafsdottir@reykjavik.is
Þorkell Logi Steinsson fulltrúi starfsmanna, thorkell.logi.steinsson@reykjavik.is
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra, rosa@eik.is
Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi foreldra, ingibjorg.stefansdottir@gmail.com

Þjónustumiðstöð Grafarvogs – Miðgarður

Helgi Viborg deildarstjóri sérfræðisviðs, helgi.viborg@reykjavik.is

Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Þóra Melsted deildarstjóri Barnastarfs, thora.melsted@reykjavik.is

Menntasvið

Auður Árný formaður stýrihópsins, audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is
Ásgeir Björgvinsson starfsmaður stýrihópsins, asgeir.bjorgvinsson@reykjavik.is
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi, hildur.sigurdardottir@reykjavik.is
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi, ingibjorg.gisladottir@reykjavik.is

Næsti fundur hópsins verður haldinn föstudaginn 19. ágúst og í framhaldi af því mun hópurinn funda á þriggja vikna fresti.

Á fyrstu fundum hópsins í haust mun hann fá kynningu á því hvernig staðið var að sameiningu Digranesskóla og Hjallaskóla í Kópavogi á síðasta ári auk þess sem ráðgert er að skólastjórar beggja skóla kynni starf og áherslur skólanna fyrir hópnum.

Ákveðið var á fyrsta fundi hópsins að foreldrar og starfsmenn fengju reglulega senda upplýsingapósta sem þessa og opnað yrði vefsvæði þar sem upplýsingar s.s. fundargerðir sem tengjast sameiningunni verða aðgengilegar. Hópurinn mun á haustmánuðum móta áætlun um hvernig allir hagsmunaaðilar hins nýja skóla geta komið að stofnun hans.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir